# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., nr. 916/2001, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

9.-14. tölul. orðast svo:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 9. | Athugun og mat á því hvort tiltekið vörumerki teljist það líkt skráðu vörumerki eða merki sem sótt hefur verið um skráningu á að ruglingshætta yrði hugsanlega talin vera fyrir hendi ef umsókn yrði lögð inn | 4.000 |
| 10. | Fyrir móttöku og meðhöndlun á umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis, sbr. 47. og 49. gr. vörumerkjalaga | 9.000 |
| 11. | Beiðni um endurupptöku skv. 3. mgr. 19. gr. eða 2. mgr. 27. gr. vörumerkjalaga | 8.000 |
| 12. | Tilkynning um andmæli, sbr. 1. mgr. 22. gr. vörumerkjalaga | 30.000 |
| 13. | Beiðni um stjórnsýslulega niðurfellingu skv. 28. gr. vörumerkjalaga | 30.000 |
| 14. | Beiðni um hlutun skv. 1. eða 2. mgr. 24. gr. a vörumerkjalaga | 15.000 |

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 65. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun og 9. gr. laga nr. 155/2002 um félagamerki, sbr. reglugerðir nr. 15/2003 (tók gildi 9. janúar 2003), nr. 898/2003 (tók gildi 1. janúar 2004), nr. 540/2004 (tók gildi 30. júní 2004), nr. 848/2004 (tók gildi 1. nóvember 2004), nr. 1057/2007 (tók gildi 1. mars 2008), nr. 1044/2010 (tók gildi 1. apríl 2011) og nr. 512/2012 (tók gildi 15. júní 2012), öðlast þegar gildi.

*Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 18. júní 2012.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

*Kjartan Gunnarsson.*

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2012